

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. September 2018

Efni: Tillögur starfshóps um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnarsýslu (Mál nr. S-119/2018)

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum um tillögur starfshópsins. Taka má undir markmið frumvarpsins enda sýna mælingar það að traust á íslenskum stjórnámálum er takmarkað. Um leiðirnar að því markmiði má þó deila. Viðskiptaráð á ýmislegt sameiginlegt með Samtökum atvinnulífsins (SA) sem frjáls félagasamtök íslenskra fyrirtækja og annarra sem láta sig frjáls viðskipti varða. Þess vegna tekur ráðið að mestu leyti undir það sem kemur fram í umsögn SA um málið en vill einnig koma með ábendingar varðandi eftirfarandi tillögur starfshópsins. Ábendingarnar eru tölusettar í samræmi við tölusetningu tillagna starfshópsins.

3. Almenn um gagnsæi, miðlun upplýsinga og upplýsingaréttur almennings

Viðskiptaráð tekur undir tillögur sem falla hér undir enda á hið opinbera að leggja sig fram um að miðla upplýsingum í sem mestum mæli til almennings og á sem skýrasta hátt. Vísa má til umsagnar ráðsins um *Grænbók sem liður í stefnumótun á málefnaviði hagskýrslugerðar, grunnskraa og upplýsingamála*.¹ Í því samhengi má sérstaklega nefna lið sjö þar sem lagt er til að: „...reglugerðir séu birtar í heild með öllum síðari breytingum. Nú er sá hátturinn hafður á að reglugerðir eru birtar í reglugerðarsafni Stjórnarráðsins og allar síðari breytingar á þeirri reglugerð birtar í aðskildum skjölum. Í mörgum tilvikum hefur tiltekinni reglugerð verið ítrekað breytt svo flókið getur verið að fá heildarsýn yfir reglugerðir“. Þessi breyting myndi auðvelda almenningi og fyrirtækjum að skilja og fylgja reglugerðum og er það til þess fallið að efla traust á stjórnámálum sem og almennt í samfélaginu.

5. Almenn um tillögur um samskipti við hagsmunaaðila, hagsmunavörslu og starfsval eftir opinber störf

Í 5. kafla skýrslunnar segir: „Á hinn bóginn getur hagsmunavarsla leitt til ótilhlýðilegra áhrifa einstakra aðila, veitt þeim ávinning á kostnað annarra í sömu stöðu, skekkt samkeppni o.fl., enda séu fjársterkir aðilar í betri aðstöðu til að stunda skipulega hagsmunavörslu en t.d. féлага- og borgarasamtök.“ Þessi fullyrðing er sett fram án frekari rökstuðnings sem vekur furðu, enda um alvarlegar ásakanir að ræða. Af þjóðmálaumræðunni að dæma gæti verið að hér sé átt við samtök fyrirtækja, líkt og Viðskiptaráð Íslands. Ef svo er mótmælir Viðskiptaráð slíkum málflutningi og vill nota tækifærið til að benda á eftirfarandi sem skýrir þá afstöðu.

Að mati Viðskiptaráðs er staðan fremur sú að fjölbreyttar raddir ýmissa hagsmunaaðila fái að heyrast. Nefna má t.d. að af 48 umsögnum um fjárlög ársins 2018, sem eru líklega mikilvægasta lagasetningin á hverju ári, bárust 8 umsagnir frá launþegasamtökum, 10 frá ýmsum borgarasamtökum og aðeins 5 frá félögum sem vinna að hagsmunum íslenskra fyrirtækja. Stærð ólíkra hagsmunaaðila má líka skoða í þessu samhengi en hjá Viðskiptaráði eru átta stöðugildi og 2/3 tekna ráðsins er varið í launakostnað. Til samanburðar við önnur og ólík hagsmunasamtök starfa til dæmis sjö einstaklingar hjá Landvernd og átta einstaklingar hjá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda skv. vefsíðum þeirra. Í öllu Húsi atvinnulífsins,

¹ Sjá umsögn: <https://vi.is/malefnastarf/umsagnir/graenbok-eykur-skilvirkni-hins-opinbera/>

sem hýsir Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins ásamt aðildarfélögum og fleiri samtök starfa 122 starfsmenn. Til samanburðar eru starfsmenn bandalaga stéttarfélaga, landsambanda ASÍ og VR 180 talsins skv. einfaldri talningu á vefsíðum þeirra, og eru þá ótaldir tugir stéttarfélaga.

Samandregið virðist sem hagsmunagæsla á Íslandi endurspeglir fjölbreytni samfélagsins og fjölbreytt sjónarmið sem er jákvætt og góður eiginleiki íslensks lýðræðis.

5-a. Þeim aðilum sem hafa atvinnu af því að tala máli hagsmunaaðila gagnvart stjórn mála- og embættismönnum verði gert að skrá sig sem hagsmunaverði

Til að stjórnvöld ráðist í breytingar þurfa að vera til staðar áskoranir eða vandamál eða hættu á slíku. Viðskiptaráð þekkir ekki dæmi þess að það sé óljóst hverjir starfa fyrir hvaða hagsmunasamtök og hvaða hagsmunum þau samtök þjóna. Í tilfalli Viðskiptaráðs liggur þetta allt fyrir í yfir 100 ára gömlum lögum ráðsins og hver sem er getur nálgast upplýsingar um starfsmenn, fjárhag, aðildarfélaga og fleira á vefsíðu ráðsins, vi.is. Enn fremur er Ísland lítið og opið samfélag og erfitt að sjá fyrir sér þá stöðu að starfsmenn hagsmunasamtaka sigli undir fölsku flaggi. Í ljósi þess telur Viðskiptaráð enga þörf á því að skrá hagsmunaverði eða hagsmunaaðila, sem gæti orðið flókið, kostnaðarsamt og þyngjandi fyrir frjáls félagasamtök, stór sem smá.

5-b. Hefja vinnu að reglum um samskipti við hagsmunaaðila. Slíkar reglur þurfa að tryggja fullt gagnsæi um samskiptin

Þó að Viðskiptaráð leggist ekki alfarið gegn því að settar séu reglur um samskipti stjórnvalda við hagsmunaaðila virðist sem tillagan geti orðið mjög flókin í framkvæmd. Sú krafa að tryggja „fullt gagnsæi“ er fallin til þess að skrá þurfi öll samskipti sem stjórnvöld eiga við hagsmunaaðila. Þegar á hólminn er komið eru flestir þeir sem eru í samskiptum við stjórnvöld hagsmunaaðilar og slíkar reglur gætu heft eðlileg samskipti opinberra starfsmanna og stjórnmalamanna við hvers kyns hagsmunasamtök. Slíkt væri bagalegt því nauðsynlegt er að stjórnvöld geti verið í opnum og eðlilegum samskiptum við viðeigandi hagsmunaaðila þegar unnið er að stefnumótun, lagasetningu og fleiri málum.

5-c. Setja reglur um starfsval eftir opinber störf sem koma í veg fyrir að starfsfólk stjórnsýslu eða kjörnir fulltrúar gangi inn í störf hjá einkaaðilum vegna aðgangs að upplýsingum úr opinberu starfi

Viðskiptaráð telur að ekki sé þörf á því að takmarka almennt starfsfrelsi ríkisstarfsmanna og kjörinna fulltrúa. Við það má bæta að íslenskur vinnumarkaður er agnarsmár og því sérstaklega mikilvægt að kappkosta við að hann sé opin og sveigjanlegur svo að vinnuveitendur geti ráðið það starfsfólk sem þeir telja hæfast. Ekki er síður mikilvægt að möguleikar landsmanna á vali á starfsvettvangi séu opnir. Þá er frekar til góðs heldur en hitt að starfsfólk geti fært sig í og úr opinberum störfum eða störfum í einkageiranum, bæði til að fólk öðlist fjölbreytta reynslu en einnig til að mikilvæg reynsla og lærdómar úr einkageiranum færist yfir í opinbera geirann, og öfugt.

7. Almenn um lýðræðislegt samráð við almenning og tillögu 7-e um stuðning við borgaralegan vettvang

Viðskiptaráð fagnar tillögum um að bæta samráð við almenning með nýjum leiðum og að halda áfram á þeirri braut að efla Samráðsgátt stjórnvalda. Setja má þó stóran varnagla við tillögu 7-e og telur Viðskiptaráð það ekki vera almennt í verkahring stjórnvalda að fjármagna félagasamtök, ekki síst þar sem fast er sótt að stjórnvöldum að lækka álögur á fólk og fyrirtæki og veita fjármunum í mun brýnni málefni líkt og menntun, vegamál og heilbrigðismál. Slíkar fjárveitingar gætu ennfremur dregið úr nauðsynlegu aðhaldi borgara og þeirra sem í raun greiða fyrir starfseminum.

9-a. Siðfræðistofnun verði falið það verkefni (tímabundið, til að byrja með) að veita stjórnvöldum ráðgjöf um siðferðileg álitamál og fjárveiting til þeirrar starfsemi tryggð

Þegar kemur að erfiðum álitamálum er mikilvægt að fá fjölbreytt sjónarmið að borðinu. Tillaga 9-a ber ekki keim af því og óttast má að erfitt sé að ná sátt um tillögurnar þegar einni stofnun í einum háskóla er falið að vinna úr þeim. Nærtækara væri að fá fleiri aðila á borðinu ásamt Siðfræðistofnun svo skapa megi sem breiðasta sátt og til að tryggt sé að öll helstu sjónarmið séu tekin til skoðunar. Að því sögðu býður Viðskiptaráð fram krafta sína við þá vinnu sé þess óskað.

Virðingarfyllt,



Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands